

# 9. apríl 2018

## **Stjórnarfundur FFF, 9. apríl, kl. 17.00**

**Mætt eru:** Elfa, Sólveig, Guðrún V, Guðrún L, Karl.

Una Lára Lárusdóttir & Brynja Ólafsdóttir, fulltrúar í 2. bekk, Erla Rós Gylfadóttir, fulltrúi í 5. bekk.

### **1. Foreldraþorpið 24. apríl**

Yfirskrift vorfundar Foreldraþorpsins er „Út fyrir kassann“. Fundurinn verður haldinn í Laugardalshöllinni kl. 20-22. Starfsmenn á plani frá Fossó verða a.m.k. Sólveig, Guðrún V og Guðrún L.

### **2. Umhverfisdagur 28. apríl**

Hálfopinber umhverfisdagur Reykjavíkurborgar. Borgin útvegar ruslapoka og bílstjóra á ruslabíl. Hugmyndin að hjálpa hverfunum við vorhreingingu.

### **3. Frístund**

Neðstaland vantar sárlega úrbætur í húsnæði og almennri aðstöðu. Forstöðumenn hafa gefist upp á stjórnvöldum og hafa sagt upp störfum. Foreldrum þykir sárt að sjá á eftir öflugum forsvarskonum frístundarinnar. Lagt til að kalla eftir stuðningi frá foreldrum í 1.-4. bekk í gegnum bekkjarfulltrúa. Una og Brynja taka boltann í fyrstu, tala við forstöðukonuna og fá upplýsingar um hvernig foreldrar ættu/gætu brugðist við.

### **4. KVAN verkefnið**

Verkefnið var kynnt á undirbúningsfundi hverfisins vegna sumardagsins fyrsta. Góðar undirtektir frá fundarmönnum. Til hverfissjóður til að sækja í. Elfa skipar nefnd til að setja verkefnið á koppinn og sækja um styrk. Rætt vítt og breitt um mikilvægi verkefnisins og að bæta Hvassaleitisskóla, Breiðó og Réttó inn í verkefnið.

### **5. Aðalfundur**

Ákveðið að halda aðalfund 17. maí. Elfa stingur upp á að halda málþing um það sem er efst á baugi á sama fundi, í anda þess að fá fólk til að koma, hittast og kynnast. Margar tillögur reifaðar. Elfa, Guðrún L og Karl mynda í fyrstu undirbúningsnefnd fyrir það.

### **6. Hjóladagur**

Er í góðum höndum Árna, Gísla og Guðrúnar V.

### **7. Af borði skólastjóra**

Skólastjóri settist á fundinn og upplýsti stjórn um nokkur atriði. Sameiginlegur skólaslita- og vorhátíðardagur er enn í vinnslu í borgarkerfinu. Kynnt var fyrirhuguð breyting á tímaramma stundatöflu, sem er að fara fyrir skólaráð. Skólinn er að sækja samtal við heilsugæsluna vegna starfsmannaeklu í skólahjúkrun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40.